

Fundargerð 14. fundar hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn að Laugalandi kl. 15, 30. janúar 2015.

Mætt eru: Egill Sigurðsson, Renate Hannemann, Nanna Jónsdóttir, Karl Ölvisson og Elín Grétarsdóttir. Elín Grétarsdóttir ritaði fundargerð.

Egill Sigurðsson oddviti setti fund og stjórnaði honum.

1. Fundargerð hreppsnefndar Ásahrepps frá 20. janúar yfirfarin.

Umræður um lið 1. færðar í trúnaðarmálabók en afgreiðsla hreppsnefndar er í fundargerðinni. Renate Hannemann tók ekki afstöðu til málsins þar sem tilheyrandi fundargerð var ekki aðgengileg fyrir hana.

2. Samningur Ásahrepps og Pacta um lögfræðipjónustu.

Samningur við Pacta staðfestur samhljóða. Agli falið að klára málið.

3. Skipan fulltrúa Ásahrepps (aðalmanns) í eftirtaldar stjórnir Brunavarnir Rang bs. Húsakynni bs., stjórn Lundar og Öldungaráðs.

Í öldunarráð, oddvita falið að vinna málið áfram. Á hreppsnefndarfundi þann 20. janúar bað Egill sveitarstjórn að íhuga nýja aðalmenn í stjórnir Brunavarna Rangárvallasýslu, Húsakynni bs og stjórn Lundar í stað Björgvins G. Sigurðssonar. Fulltrúi Ásahrepps í stjórn dvalarheimilisins Lundar verður aðalmaður Elín Grétarsdóttir. Fulltrúi Ásahrepps í stjórn Húsakynna bs. verði aðalmaður Karl Ölvisson. Fulltrúi Ásahrepps í stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs. verður aðalmaður Nanna Jónsdóttir.

Samþykkt samhljóða

4. Ljósleiðaraverkefni (Ásaljós) staða verkefnis.

Farið yfir stöðu mála og minnisblöð frá Guðmundur Daníelssyni.

5. Uppgjör við fyrrverandi sveitarstjóra.

Lagt fram til kynningar.

6. Fundargerðir til samþykktar.

- a. Fundargerð Skipulagsnefndar, fundur 82, 08.01.15
Mál nr. 4. – 1501013. Lögð fram lóðarblöð yfir tvær lóðir utan um fjarskiptahús og fjarskiptamastur Neyðarlínununnar á Holtamannaafretti, við Vatnsfell og Skrokköldu, Vatnsfellslóðin er 15 x 15 m en lóðin á Skrokkölu 20 x 20 m að stærð. Afgreiðsla samþykkt.
- b. Fundargerð Atvinnu- og ferðamálanefndar, fundur 1, 26.01.2015. Samþykkt.
- c. Fundargerð Skipulagsnefndar, fundur 83, 29.01.15 Mál nr. 13. - 1501079 Hrútshagi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar.

7. Fundargerðir til kynningar.

- a. Stjórn SASS, fundur 489, 16.01.15
- b. Fundargerð Brunavarna Rangárvallasýslu, fundur 39, 20.01.15.
- c. Fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, fundur 235, 06.01.15
- d. Fundargerð viðræðunefndar Rangárbings ytra og Ásahrepps, fundur 1, 30.01.15

8. Innsend erindi og önnur mál.

- a. MS – félagið biður um styrk í formi auglýsingar eða kveðju í tímaritið MeginStoð og þar með stuðla að aukinni og betri þjónustu við MS-sjúklinga á Íslandi. Samþykkt samhljóða að greiða kr. 10.000.
- b. Samband sunnlenskra kvenna. Beiðni um styrk. Fram var lagt erindi frá Sambandi sunnlenskra kvenna (SSK) undirritað af Elínborgu Sigurðardóttur formanni SSK um allt að kr. 100.000 styrk til sambandsins vegna Landspings Kvenfélagasambands Íslands sem haldið verður á Selfossi 9 – 11 október 2015. Samþykkt að styðja verkefnið um kr. 50.000. Elín Grétarsdóttir tók ekki þátt í afgreiðslu.
- c. Styrktarlína. Ósk um styrktarlínu í Víðsjá, rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi. Ákveðið að kaupa styrktarlínu fyrir kr. 5000.
- d. Á hreppsnefndarfundi þann 13 janúar sl. var spurt um reglur varðandi snjómokstur. Mokstursdagar eru á mánudögum og föstudögum í Ásahreppi. Vegagerðin borgar helming og sveitarfélögin helming sem skiptist eftir tengivegum. Engin heimreið var mokuð að beiðni sveitarfélaganna í desember sl. Litlar eða engar reglur til um mokstur heimreiða. Oddvita falið að fara yfir fyrirkomulag verklags og samninga.
- e. Egill Sigurðsson oddviti felur Nönnu Jónsdóttur störf sveitarstjóra í afleysingum næstu tvær vikur. Nanna Jónsdóttir fer með prófkúru Ásahrepps. Samþykkt af sveitarstjórn. Nanna Jónsdóttir sat hjá.
- f. Renate Hannemann telur sig ekki geta sinnt störfum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags og óskar því lausnar frá sveitarstjórn til loka kjörtímabilsins, sbr. 2. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga. Renate Hannemann vék af fundi. Sveitarstjórn samþykkir afsögnina og þakkar Renate Hannemann fyrir góð störf í þágu Ásahrepps. Brynja Jóna Jónasdóttir tekur sæti Renate Hannemann sem aðalmaður

Fundargerð yfirlésins og fundi slitið kl. 18:25